



Sigrún Gunnarsdóttir aðstoðarmaður Óttars Proppé ásamt Michael Clausen barnalækni og Jörundi Kristinssyni heimilislækni. Myndir: Védís.



Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri LÍ og Dögg Pálsdóttir lögfræðingur félagsins unnu saman eins og einn maður að undirbúningi fundarins.

Aðalfundur Læknafélagsins 19. og 20. október 2017

■ ■ ■ Védís Skarphéðinsdóttir

Eins og fram hefur komið var aðalfundur LÍ um daginn langur en þó ekki svo strangur. Fleiri efni og mál lágu fyrir en oft áður og ef til vill var það ekki tilviljun því Læknafélag Íslands er 100 ára á næsta ári og það er að sama skapi að nýta sér þá staðreynd og hugsu sér til innri hreyfings. Félagið vill gera breytingar og umstafla í sínu innvolsi, verða frískara og ferskara á nýju árhundraði. Þetta gildir bæði um uppbyggingu og skipulag félagsins og um húsnæði þess, því þótt það sé „gottaðbúaikópavogi“ þá þarf gera ýmsar lagfæringar í Hlíðasmára í takt við nýja tíma. Nú þegar er hafin vinna við að stækka stóra fundarsalinn inn í fundarher-

bergi LÍ, og tæknibúnaðarklefi sem var milli þessara sala og sem var gerður samkvæmt nýjustu stöðlum árið 1994 er nú kominn fram yfir síðasta sölundag og verður lagður af. Smíðavinnan mun taka 6-8 vikur og í janúar 2018 þegar 100 ára afmælið rennur upp ætti salurinn að vera klár ef guð lofar. Fleiri breytingar á húsnæðinu eru í farvatninu.

Fyrri daginn hófst fundur kl. 15 með ávarpi Þorbjörns Jónssonar formanns LÍ þar sem hann leit aðeins yfir farinn veg síðustu 6 ár á formannsstóli, og því næst bauð hann velkominn Óttar Proppé heilbrigðisráðherra í starfsstjórn Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra. Óttarr

er formaður Bjartrar framtíðar sem fær ekki góðan byr í skoðanakönnunum núna korter í kosningar, og dvöl hans í ráðuneytinu er alls rétt ríflega 9 mánuðir, - en það er altént ein meðgangi, en segir margt um óróleikann í stjórnarmálalífi landsins. Heilbrigðisráðherra hélt tölu um stöðu mála í sínu ráðuneyti og hvatti lækna til dáða, - þeir spurðu hann síðan spjörnum úr og fengu allir svör við fyrirspurnum sínum á afar hófstílltan og yfirvegaðan máta. Þetta samtali tók drjúga stund, um tvo tíma, og því næst var haldið áfram með dagskrána.

Högni Óskarsson geðlæknir kynnti hugmyndir um framhaldslíf Lækningaminjasafnsins á Seltjarnarnesi, í samstarfi við Listasafnið og fleiri, og munu þær eflaust koma meira við sögu síðar.

Þorbjörn flutti ársskýrslu stjórnar, og síðan var farið yfir ársreikninga. Ályktanatillögur voru því næst kynntar, og fyrirferðarmestar voru tillögur um breytt skipulag LÍ og lagabreytingatillögur sem þeim verða að fylgja. Þetta hefur verið í vinnslu hjá stýrihópi allt síðasta ár og hefur verið kynnt í *Læknablaðinu* í flestum tölublöðum þessa árs.

Birna Jónsdóttir röntgenlæknir, formaður afmælisnefndar, fór yfir dagskrá afmælisársins, - en það hefur varla farið fram hjá neinum að 14. janúar næstkom-

Nýtt skipurit Læknafélags Íslands





Þórarinn Ingólfsson heimilislæknir, Óttarr heilbrigðisráðherra og Katrín Fjeldsted heimilislæknir ræddu meðal annars um um rafrettuályktun LÍ, en á málverkinu fyrir aftan þau er Magnús Pétursson fyrrum formaður með sína eigin sigarettu.



Hallgrímur Hreiðarsson heimilislæknir, Gunnlaugur Sigurjónsson heimilislæknir, Jóhann Heiðar Jóhannsson meinafræðingur og Þórdís Anna Oddsdóttir heimilislæknir.



Magnús Gottfredsson ritstjóri og ábyrgðarmaður Læknablaðsins og Ósk Ingvarsdóttir kvensjúkdómalæknir skutla í sig smá kaffi.



Heilbrigðisráðherra ávarpar samkomuna.



Agnar H. Andrússon formaður Félags almennra lækna, Tryggvi Helgason barnalæknir og Ólafur Heiðar Þorvaldsson barnalæknir.



Nýr formaður Læknafélags Íslands, Reynir Arngrímsson.

andi eru 100 ár síðan Læknafélag Íslands var stofnað á fundi Læknafélags Reykjavíkur. Að þessu stóðu 34 læknar og var Guðmundur Hannesson kjörinn fyrsti formaður, og hann hafði þessi orð um stofnun Læknafélagsins, og það er árið 1918, gáum að því:

Mitt í öllum harðindunum, þrátt fyrir alla dýrtíð og styrjöld, byrja nú íslenskir læknar árið með þessari félagsstofnun, víllausir og alls ósmeikir, til þess að búa betur í haginn fyrir komandi ár. (Læknablaðið 1918; 4; 1-2.)

Um kvöldið snæddu aðalfundargestir saman í Rúgbrauðsgerðinni, fengu til sín tónlistarmanninn KK, og skemmtu sér og öðrum.

Læknar tóku föstudaginn snemma og var þá farið í saumana á breytingatillögum stjórnar um framtíðarskipulag Læknafélagsins. Kristján Vigfússon kennari við HR og Tryggvi Helgason barnalæknir kynntu tillögurnar ítarlega og spratt af þeim mikið spurningaflóð og umræða sem segja má að hafi staðið allt til enda fundarins. Skipulagið felur í sér miklar breytingar, fjögur aðildarfélög eiga að vera undir LÍ, hvert með sinn launaða formann, og er ef til vill bara fyrsta vers í að gera LÍ að nútímalegu félagi. Tillögur liggja fyrir á heimasíðu LÍ og eru tilraun til að ýta við gamalli grind félagsins, svæðafélög verða ekki lengur til sem slík, og formannafundur dettur út. Mikil umræða varð um hlutskipti LR og mun koma til kasta aðalfundar félagsins í vor. Sennilega verður það eitt aðildarfélaganna og með stofulækna innan borðs. Eina nýja félagið sem koma þarf á laggirnar er félag sjúkrahúslækna.

Kristófer Þorleifsson geðlæknir, formaður öldungadeildar Læknafélagsins, kom með tillögu um að sjötugir geti átt aðild að LÍ með því að borga hluta félagsgjalds og fái þar með atkvæðisrétt og kjörgengi. Þeir sem eru enn að vinna og borga félagsgjald hafa öll réttindi. Hann dró síðan tillögu sína til baka.

Um hádegi var skipað í fjóra vinnuhópa sem skiluðu síðan niðurstöðum sínum, og þar með hófst atkvæðagreiðsla um ályktanir og tillögur.

Stóri breytingapakinn á LÍ var samþykktur af miklum meirihluta í heild sinni. Hér eftir verða allir læknar félagsmenn í LÍ og velja sér eitt fjögurra aðildarféлага, en áður voru læknar



Dorbjörn Jónsson formaður siglir lygnan sjó með skipulagstillögur stjórnarinnar og þær voru samþykktar allar sem ein.



Engilbert Sigurðsson geðlæknir lagði nokkrar spurningar fyrir heilbrigðisráðherrann.



Geðlæknur liggur mest á hjarta, þeir spyrja mest, - hér koma nokkrar góðar spurningar frá Kristni Tómassyni.



Kristján Vigfússon kynnti skipulagstillögur fyrir fundinum.



Þórarinn Guðnason hjartalækni og varaformaður LR var kampakátur þegar hendur tókust á loft til að samþykka skipulagsbreytingarnar á LÍ.

félagsmenn í LÍ gegnum svæðafélögin. Fyrirkomulagi kosninga í stjórn LÍ var einnig breytt. Formaður verður kosinn rafrænni kosningu allra félagsmanna og formenn hinna nýju aðildarfélag sjálfkjörnir í stjórn LÍ. Hvert aðildarfélag kys svo annan mann í stjórn LÍ. – Þorbjörn formaður var mjög ánægður með það, mikil vinna að baki og góður árangur náðist með þessari samþykkt, en jafnframt var margítrekað að það á eftir að taka mörg skref í þessu ferli og um að gera að sýna sveigjanleika þar til fastara form er komið á skipulagið. Fundurinn samþykkti óbreytt árgjald til Læknafélagsins: 110.000 kr.

Fleiri ályktanir voru taldar fram, og þrotlausar þælingar um allt mögulegt í þeim, bæði innihald, orðfæri og greinarmerkjasetningu.

Á móti veipum, með börnum, um að endurnýja samninginn við sérfræðilækna, og margt fleira.

Næsti aðalfundur Læknafélagsins verður haldinn í október 2018 á höfuðborgarsvæðinu. Í tengslum við hann heldur Alþjóðafélag lækna (WMA, World Medical Association) árlegan fund sinn hérlandis og jafnframt verður haldið hér siðfræðiþing WMA, og má vænta yfirlýsingar þaðan í anda Helsinkiyfirlýsingarinnar.

Í fundarlok las Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri LÍ kveðju til lækna frá Örne Guðmundsdóttur formanni LR sem var stödd í Bandaríkjunum.



Breytingar urðu á stjórn LÍ á aðalfundi, María Gottfreðsdóttir, Ólafur Ó. Guðmundsson og Reynir Arngrímsson setjast í stjórn í stað þeirra Orra Þórs Ormarssonar, Þorbjörns Jónssonar og Þórarins Ingólfssonar. Á myndinni eru nokkrir úr stjórninni í fundarlok: Agnar H. Andrússon, Björn Gunnarsson, Reynir, Ólafur og María.



Vottar að lyklaufhengingu: Dögg, Reynir, Þorbjörn og Sólveig, - og almenn ánægja með uppskeru fundarins og þau markmið sem þar náðust.

Og í blálokin kvaddi svo Þorbjörn formaður og Reynir formaður tók við, hin-

um fyrrnefnda þökkðu góð störf og hinum síðarnefnda óskað velfarnaðar.

Fyrsti ársfundur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands var vel sóttur, bæði af starfsfólki, sveitarstjórnarmönnum um alþingismönnum. Ljósmynd/Magnús Hlynur Hreiðarsson.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Fyrsti ársfundur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

■ ■ ■ Magnús Hlynur Hreiðarsson

Fjölmenni mætti í matsal Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) á Selfossi fimmtudaginn 21. september síðastliðinn til að sitja fyrsta ársfund stofnunarinnar en hjá henni starfa ríflega 500 manns. HSU var stofnuð 1. október 2014, í víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins, með um 27.000 íbúa, við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Suð-Austurlands, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja. Formleg sameining tók gildi 1. janúar 2015.

Verkefni hafa margfaldast

Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri HSU, tók fyrst til máls á ársfundinum. Fram kom í máli hennar að tekist hefur að byggja upp sterka liðsheild stjórnenda og gengið mjög vel að fá heilbrigðisstarfsmenn til starfa. Við sameininguna varð til sjötta stærsta A-hluta stofnun á fjárlögum ríkisins með um tæplega 4,9 milljarða í ársveltu á árinu 2016. Ríflega helmingur rekstrarfjár fer til heilsugæslu og sjúkraflutninga, um þriðjungur til sjúkrarúma og einn sjötti til reksturs hjúkrunarrýma. Á árinu 2016 þurfi HSU að fara í endurskipulagn-

ingu í rekstrinum ásamt því að segja upp 20 starfsmönnum en samhliða var geysmikil aukning verkefna. „Fjárframlög ársins voru að núvörði í byrjun árs 2016 um 8% undir því sem eldri stofnanir sem nú tilheyra HSU fengu samanlagt í fjárframlög fyrir hrún árið 2008. Á því sama tímabili hafa verkefnið hins vegar margfaldast. Sambærilegur vöxtur í eftirspurn eftir þjónustu HSU á sér vart hliðstæðu annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Aldrei fyrr hefur HSU þurft að sinna jafn mörgum verkefnum og árið 2016, og enn vex eftirspurnin eftir þjónustu. Á ársgrundvelli fjölgaði komum á bráðamóttöku um 16%, sjúkraflutningum um 11%, legudögum í sjúkrarúmum fjölgaði og biðtími eftir hjúkrunarrýmum og eftirspurn eftir heimahjúkrun óx“, sagði Herdís meðal annars í framsögu sinni.

Fjarheilbrigðisþjónusta á svæði HSU

Anna María Snorraddóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar kom víða við í erindi sínu. Hún talaði um margvíslega möguleika stofnunarinnar á fjarheilbrigðisþjónustu en mikið frumkvöðuls-

starf hefur verið unnið á heilsugæslustöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Markmið fjarheilbrigðisþjónustu er að auka og bæta aðgengi skjólstæðinga að heilbrigðisþjónustu sem ekki er aðgengileg á staðnum og auka aðgengi heilbrigðisstarfsfólks að ráðgjöf og þjónustu, til dæmis varðandi rannsóknir. Með fjarheilbrigðisþjónustu er unnt að auðvelda aðgengi á hverskyns ráðgjöf án tillits til búsetu, tryggja frekara mat og meðferð, fá aðstoð við sjúkdómsgreiningar og meðferð þegar þess gerist þörf og draga úr kostnaði og óþægindum vegna ferðalaga, enda oft um langan veg að fara. Því getur fjarheilbrigðisþjónusta orðið viðbótarþjónustuform til að styðja enn frekar við hlutverk heilbrigðisstofnana í umdæmum á landsbyggðinni. Anna María nefndi nokkur áhugaverð dæmi um þetta.

Auk Herdísar Gunnarsdóttur og Önnu Maríu Snorraddóttur fór Björn Steinar Pálmason framkvæmdastjóri fjármála yfir ársreikning HSU og Birgir Jakobsson landlæknir hélt erindi sem hann nefndi „Umbætur í heilbrigðisþjónustu, hver gerir hvað?“.